

Leyfi til innflutnings á risaköngulóm (tarantúlum)

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Marco Mancini um leyfi til innflutnings á fjórum tarantúla risaköngulóm (*Theraphosa blondi*) dags. 12. desember 2019 til að hafa til sýnis við sértækar aðstæður í Fjölskyldu og húsdýragarðinum. Auk sýningar og fræðslu, yrðu köngulærnar mögulega notaðar við meðferð á ofsahræðslu á köngulóm (*arachnophobia*). Sótt er um leyfin í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganevndar um framandi lífverur um umsóknina og fylgigögn. Niðurstaða áhættumats umsækjanda er að útilokað sé að tegundin geti lifað við náttúrulegar aðstæður á Íslandi. Nefndarmenn voru sammála niðurstöðu áhættumats og tók undir það mat að útilokað sé að risaköngulær geti lifað við náttúrulegar aðstæður á Íslandi heldur geti einungis þrífist innan dyra og þá með umönnun, því þær þurfa hátt hitastig og raka auk vatns og fæðu. Tegundin myndi því ekki lifa af við íslenskar aðstæður ef svo færi að hún slyppi úr búri eða garðinum.

Niðurstaða nefndarinnar er því sú að engin hætta stafi af ofangreindum innflutningi á risaköngulóm fyrir íslenskt vistkerfi og telur ekki ástæðu til að mæla gegn honum, enda séu öll önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Með hliðsjón af umsókninni, áhættumati sem unnin eru af erlendum sérfræðingi um tegundina og umsögn sérfræðinganevndarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi verulega áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Að framansögðu veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til innflutnings á fjórum tarantúla risaköngulóm til notkunar og sýningar í Fjölskyldu og húsdýragarðinum. Umhverfisstofnun telur við hæfi að ítreka að innflytjandi skal í einu og öllu fylgja þeirri aðgæsluskyldu sem kveðið er á um í 65. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umsækjanda er jafnframt bent á að komi til förgunar á dýrunum, þá falla köngulærnar í 1. flokk sem, sbr. 8. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, sem heilir skrokkar eða skrokkhlutar dýra annarra en alidýra og villtra dýra, þar með einkum talin gæludýr og dýr í dýragörðum og fjölleikahúsum. Dýr í 1. flokki eiga að fara í brennslu. Sbr. 12. gr. reglugerðarinnar.

Ákvörðun þessi sætir kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 91. gr. laga um náttúruvernd. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað sem varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Athygli er vakin á því að innflutningur tegundarinnar er jafnframt háður leyfi í samræmi við lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Virðingarfyllst



Bjarni Jónasson
sérfræðingur



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri